

**LÖG****um breyting á almennum hegningarlögum,  
nr. 19 12. febrúar 1940.****FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í 1. mgr. 73. gr. laganna fellur brott raðtalan „108“.

2. gr.

108. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

Á 242. gr. laganna verða svofelldar breytingar:

- a. 1. tölul. verður svohljóðandi: Brot gegn ákvæðum 233. gr. og 233. gr. a sæta opinberri ákæru.
- b. B-liður 2. tölul. verður svohljóðandi: Hafi ærumeiðandi móðgun eða aðdróttun verið beint að manni sem er eða verið hefur opinber starfsmaður, og móðgunin eða aðdróttunin varðar að einhverju leyti það starf hans, þá skal slíkt brot sæta opinberri ákæru eftir kröfu hans.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 10. mars 1995.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**  
(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.